

með að senda lagafrumvarp þetta bæði eins og það kom frá þinginu og danska þýðing frumvarpsins.

Umgetið lagafrumvarp er samhljóða frumvarpi því um sama efni, er alþingi 1895 samþykkti; að eins er upphæð sú, er ætluð er til tímakennslu í 3, gr., færð niður úr 2500 kr. í 1000 kr., og á lagafrumvarpi því, sem hjer er um að ræða, er bætt við einni grein, er kveður svo á, að lögin skuli eigi ganga í gildi, fyr en veitt er á fjárlögunum nauðsynlegt fje til skólans. Með því að synjað var allrahæstrar staðfestingar áður nefndu lagafrumvarpi frá 1895, af ástæðum þeim, er taldar eru í hæstvirtu brjefi ráðaneytisins frá 15. janúar þ. á., verð jeg að vera þeirrar skoðunar, að lagafrumvarp það, sem nú er um að ræða, eigi að sæta sömu forlögum.

44
10. febr.

Brjef ráðgjafans fyrir sland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um kjörgengi kvenna. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. septbr. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hiugað lagafrumvarp um kjörgengi kvenna, er upp hafði verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt af síðasta alþingi. Er lagafrumvarp þetta alveg samhljóða lagafrumvarpi því með sama titli, sem samþykkt var af alþingi 1895, en hans hátign konunginum samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland þóknadist að að synja allrahæstrar staðfestingar þann 27. nóvbr. 1896.

Ráðaneytið hefir orðið að telja lagafrumvarp þetta ófallið til að öðlast lagagildi, af hinum sömu ástæðum, sem taldar eru í umgetnum allraþegnsamlegustum tillögum þess gegn staðfesting lagafrumvarpsins frá 1895, og tilgreindar eru áður í allraþegnsamlegustum tillögum gegn staðfesting lagafrumvarps með sama titli og því nær sama efnis, er alþingi hafði samþykkt 1893, en þær tillögur þóknadist hans hátign konunginum allramildilegast að fallast á 10. nóvbr. 1894, sjá brjef ráðaneytisins frá 10. nóvbr. 1894 (Stjtið. 1894, B, bls. 201) og brjef ráðaneytisins frá 31. desbr. 1896 (Stjtið. 1896, B, bls. 235). Ráðaneytið hefir því lagt það til, að lagafrumvarpi því, sem hjer er um að ræða, yrði synjað allrahæstrar staðfestingar, og hefir hans hátign konunginum 4. þ. m. allramildilegast þóknast að fallast á tillögu þessa.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áður nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, er saman kom í ár, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp um kjörgengi kvenna, sem borið var upp af þingmannahálfu, og leyfi jeg mjer hjer með að senda lagafrumvarp þetta bæði í þeim búningi, er það kom í honum frá þinginu, og í danskri þýðingu.

Með því að umgetið lagafrumvarp er alveg samhljóða lagafrumvarpi því með sama titli, er samþykkt var af alþingi 1895, og synjað var allrahæstrar staðfestingar, get jeg látið mjer nægja að skírskota til hæstvirts brjefs hins háa ráðaneytis, 31. desbr. f. á.